



Þriggja ára áætlun Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árin 2012 til 2014 lögð fram á bæjarstjórnarfundum 28. janúar 2011 – fyrri umræða

Þriggja ára áætlun fyrir árin 2012 – 2014 tekur mið af áætluðum efnahag í lok ársins 2011 skv. fjárhagsáætlun sem samþykkt var í bæjarstjórn 30. desember sl. Ekki er gert ráð fyrir neinum verðlagsbreytingum þau ár sem áætlunin nær yfir, þannig að viðbúið er að rauntölur muni víkja frá áætluninni a.m.k. sem verðlagsbreytingum nemur.

Tekjur

Áætlunin gerir ráð fyrir að útsvarstekjur aukist um 3% að raunvirði árið 2012, 2% árið 2013 og 1% árið 2014. Reiknað er með að fasteignagjöld verði óbreytt. Reiknað er með að framlög Jöfnunarsjóðs aukist um 5% á ári 2012 – 2014 frá því sem reiknað er með í áætlun 2011. Rétt er að hafa í huga að fjárhagsáætlun ársins 2011 gerir eingöngu ráð fyrir 89 m.kr. framlögum frá Jöfnunarsjóði á meðan framlögin voru 138 m.kr. árið 2009 og 158 m.kr. árið 2008. Framlögin á árinu 2010 voru nálægt 100 m.kr. þannig að í raun gerir 3ja ára áætlunin ráð fyrir að framlögin árið 2014 verði komin í svipað horf og þau voru á árinu 2010, en verði jafnframt ekki nema 65% af því sem þau voru árið 2008. Reiknað er með að aðrar tekjur A-hluta hækki um 1% hvert ár en í B-hluta verði hækkunin 2% hvert ár.

Gjöld

Áætlunin gerir ráð fyrir að laun hækki um 3% árið 2012, 2% árið 2013 og 1% árið 2014, sem er sama hækkun og reiknað er með í útsvarstekjum. Reiknað er með að annar rekstrarkostnaður hækki almennt um 1% á ári nema í eignasjóði þar sem reiknað er með að leggja meiri þunga í viðhald. Reiknað er með að annar rekstrarkostnaður í eignasjóði hækki um 2% árið 2012, 6% árið 2013 og 12% árið 2014.

Fjárfestingar

Áætlunin gerir ráð fyrir að í A- og B-hluta verði fjárfest fyrir 30 m.kr. árið 2012, 60 m.kr. árið 2013 og 90 m.kr. árið 2014. Lántökuþörf fyrir sömu ár verði 30 m.kr., 50 m.kr. og 65 m.kr. þannig að áfram verður unnið að skuldalækkun. Áætlunin gerir ráð fyrir að handbært fé í árslok 2014 verði 45 m.kr.

Veltufé frá rekstri er áætlað 85 m.kr., 92 m.kr. og 97 m.kr. þau þrjú ár sem áætlað er fyrir en á sama tíma er reiknað með að afborganir langtímalána verði 80 m.kr., 64 m.kr. og 65 m.kr.

Skuldir og skuldbindingar A-hluta í árslok 2014 verða 645 m.kr. samkvæmt áætluninni en eigið fé samstæðunnar verður 320 m.kr.

Þriggja ára áætlun Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árin 2012, 2013 og 2014 er hér lögð fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Elías Jónatansson
bæjarstjóri
